

Athugun á laxa- og fiskalús 15. júní '15

Feltbók 114 Suðursv. Vestfjarða.

Minnisblað ritar Eva Dögg Jóhannesdóttir

Mánudaginn 15. júní var farið í athugun og talningu á laxa- og/ eða fiskilús á fiskum í kvíum Dýrfisks í Dýrafirði. Athugunin er liður í vottunarferli Dýrfisks hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi.

Lagt var af stað frá höfninni á Þingeyri kl 8:19 á bátnum Kópanesi ÍS. Skipstjóri var Hjalti Proppé Antonsson og með í för var Bernharður Guðmundsson starfsmaður Dýrfisks. Starfsmenn Náttúrustofu voru Böðvar Þórisson og Eva Dögg Jóhannesdóttir verkefnastjóri. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar.

Hafist var handa við kvíaþyrpingu út af Gemlufalli en þar eru fjórar kvíar en samkvæmt leiðbeiningum frá Matvælastofnun skal gera athugun á minnsta kosti 10 fiskum í helmingi kvía séu kvíar fleiri en 3 í þyrpingu (Drög Leiðbeiningar um lúsatalningu). Athugaðir voru 10 fiskar úr kví G1 og G2 hvorri fyrir sig en úr kví B við Haukadal voru 11 fiskar athugaðir. Háfaðir voru fimm fiskar í hvert skipti og þeir settir í kar með sjó sem hafði verið blandaður með svefnlyfi (Fiquel vet.). Þegar fiskarnir sýndu ekki viðbrögð, þegar gripið var um sporðinn, þá var hverjum fyrir sig lyft upp úr vatninu og leitað eftir lús á þeim. Eftir athugun fiska voru þeir settir í annað kar með hreinum sjó þar sem þeir fengu tíma til að vakna vel áður en þeim var skilað aftur út í kví. Niðurstöður athugana má finna í töflu 1 og 2.

Eins og sjá má á töflunum hér fyrir neðan fundust engar lús á fiskunum, hvorki laxalús né fiskilús.

Upplýsingar um fjölda fiska og meðalþyngd þeirra fékkst frá Hjalta Proppé.

Tafla 1. Athugun á lús á fiskum úr kví G1 og G2.

Kví G1 **Þyngd** 500 g
Sjávarhiti 6,3 **Fjöldi í kví** 80.000

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús
1	0	0	0	0
2	0	0	0	0
3	0	0	0	0
4	0	0	0	0
5	0	0	0	0
6	0	0	0	0
7	0	0	0	0
8	0	0	0	0
9	0	0	0	0
10	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0

Kví G2 **Þyngd** 1 kg
Sjávarhiti 6,3 **Fjöldi í kví** 52.000

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús
1	0	0	0	0
2	0	0	0	0
3	0	0	0	0
4	0	0	0	0
5	0	0	0	0
6	0	0	0	0
7	0	0	0	0
8	0	0	0	0
9	0	0	0	0
10	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0

Tafla 2. Athugun á lús á fiskum úr kví B við Haukadal.

Kví G2 **Þyngd** 3,5 kg
Sjávarhiti 6,5 **Fjöldi í kví** 47.000

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús
1	0	0	0	0
2	0	0	0	0
3	0	0	0	0
4	0	0	0	0
5	0	0	0	0
6	0	0	0	0
7	0	0	0	0
8	0	0	0	0
9	0	0	0	0
10	0	0	0	0
11	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0